

LISTIR

Mikill áhugi á starfi Leikfélags Selfoss

Selfossi - Á síðustu 5 árum hefur Leikfélag Selfoss frumsýnt sjö leikrit þar af sex í fullri lengd. Frá 1958 hefur Leikfélag Selfoss sett upp 45 leikverk. Á nýliðnum vetri sýndi félagið þrjú leikrit, tvö fyrir fullorðna og eitt fyrir börn. Þetta eru leikritin *Beðið* eftir Godot, undir leikstjórn Eyvindar Erlendssonar og Íslandsklukkuna sem Vigdís Jónsdóttir leikstýrði og *Bangsímon* undir leikstjórn Katrínar Karlsdóttur. Mikill áhugi er á starfi leikfélagsins og hefur aðsókn að verkunum verið góð og þeim mjög vel tekið. Við uppsetningu Íslandsklukkunnar komu nokkrir af eldri félögum til starfa og vögu þungt í góðri uppsetningu verksins.

Í fréttabréfi Leikfélags Selfoss segir meðal annars: „Til að leiðrétta

landlægan misskilning skal það áréttað að þetta er eingöngu áhugastarf og enginn fær greitt fyrir vinnu sína nema leikstjórar og ekki einu sinni alltaf þeir. Á útlensku erum við sem í þessu stöndum kölluð amatörar sem er réttnefni því það þýðir, „þeir sem elska“ og það er víst ástæða alls þessa brambolts, leiklistin er stór ást í lífi áhugaleikara.“

Leikfélag Selfoss starfrækir leikhúsið við Sigtún á Selfossi. Þar var fyrsti barnaskólinn til húsa fyrir nokkrum áratugum og Iðnskólinn á Selfossi áður en Fjölbautarskólinn á Suðurlandi varð fullvaxta. Mikill vilji er hjá félaginu að bæta húsakost leikhússins og búa vel að leikurum og áhorfendum.



GUÐMUNDUR Einarsson. Útigönguhöfði 1955. Vatnslitir á pappír.

Kjarvalsstaðir

Þrjár myndlistarsýningar

ÞRJÁR myndlistarsýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum laugardaginn 13. maí. Yfirlitssýning í vestursal á vatnslitamyndum eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, í tilefni af aldarminningu listamannsins, sýning á teiknimyndasögum eftir Bjarna Hinriksson í vesturforsal og sýning á nýjum verkum eftir Kristján Steingrím Jónsson. Sýningarnar verða opnar daglega frá kl. 10-18 og er kaffíteria Kjarvalsstaða opin á sama tíma.

Guðmundur frá Miðdal

Vatnslitamyndir Guðmundar frá Miðdal eru afmarkaður kafli á löngum og fjölbætum listferli hans. Hann fékkst við vatnsliti í æsku, lagði þá síðan til hliðar í áratugi, en tók upp þráðinn að nýju um 1950.

Sýningu Guðmundar frá Miðdal fylgir sýningarskrá með ritgerð eftir Kristínu Guðnadóttur listfræðing og litmyndum af völdum vatnslitamyndum eftir listamanninn.

Bjarni Hinriksson

„Á síðastliðnum misserum hefur Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum lagt sig fram við að veita óhefðbundnum listrænum viðburðum sífellt meira rými í starfsemi,“ segir í tilkynningu. Að þessu sinni er efnt í fyrsta sinn til einka-

sýningar á teiknimyndasögum eftir Bjarna Hinriksson. Sýndar verða frummyndir af nýjum teiknimyndasögum og myndefni sem fyrst og fremst tengist draumum listamannsins og persónulegri reynslu.

Í tilefni af sýningu Bjarna hefur verið gefin út bók með völdum myndasögum eftir listamanninn og grein eftir Jón Karl Helgason þar sem hann fjallar sérstaklega um sögurnar Tryggðartröll og Kirkjan í fjallinu.

Kristján Steingrímur

Á undanförunum misserum er óhlutbundna málverkíð á ný komið í sviðsljósið meðal yngri myndlistarmanna. Kristján Steingrímur Jónsson er einn þeirra listamanna sem hafa tileinkað sér óhlutbundið myndmál, en þó með nýjum áherslum þar sem hann notfærir sér aðferðarfræði og myndhugsun konsept-listarinnar. Myndverk Kristjáns Steingríms eru sett saman úr iðnaðarteikningum og stærðfræðilegum táknum. Þau bera með sér vísindalegar tilvísanir handan við myndrömmann en miðla um leið ljóðrænni náttúrusýn.

Í tengslum við sýninguna hefur verið gefin út sýningarskrá með ritgerð eftir Ólaf Gíslason gagnrýnanda auk fjölda mynda af verkum listamannsins.

Listnemar heimsækja Ólafsfjörð og Dalvík

ÞAR sem nemendur Myndlistarskólans á Akureyri koma víðsvegar að, hefur í ár verið ákveðið að brydda upp á þeirri nýjung að vera með farandsýningu í nágrennabæjum Akureyrar. Nemendur fornámsdeildar, fyrsta og annars árs grafi-skrar hönnunar og málunar-deildar sýna þar verk sín.

Laugardaginn 13. maí verður sýningin haldin í Barnaskólanum á Ólafsfirði og sunnudaginn 14. maí í Safnaðarheimilinu á Dalvík, báðar sýningarnar hefjast kl. 14 og standa til kl. 18. Á staðnum verður kaffisala og auk kynningar á starfsemi skólans og gefst sýningar-gestum kostur á að fá teikn-aðar af sér andlitsmyndir.

„Með lífið í lúkunum“ á Vopnafirði

LEIKFÉLAGAR á Vopnafirði frumsýna leikritið „Með lífið í lúkunum“, trylli í tveim þáttum eftir Ira Levin, í félagsheimilinu Miklagarði í kvöld kl. 20.30.

Önnur sýning verður 14. maí og hin þriðja 15. maí. Allar sýningarnar hefjast kl. 20.30. Þá er fyrirhuguð sýning á Borgarfirði eystra laugardaginn 20. maí.

Leikstjóri er Aldís Baldvinsdóttir.

Símakórinn í Seljakirkju

SÍMAKÓRINN, kór félags íslenskra símamanna, heldur vortónleika í Seljakirkju á laugardag 13. maí kl. 17.

Auk hans koma fram á tónleikunum kór MFA, menn-ingar og fræðslusamband alþýðu og Karla-kór Reykjavíkur, eldri félagar.

Stjórnendur kóranna eru Kjartan Sigurjónsson og Kjartan Ólafsson, en undir-leikari Hólmfríður Sigurðar-dóttir.

Græna smiðjan

HANDVERKSHÚSIÐ Græna smiðjan, Breiðumörk 26, í Hveragerði heldur upp á eins árs afmælið sunnudaginn 14. maí. Þá gefst kostur á að fylgjast með handverks-fólki að störfum og sjá meðal annars pappírsgerð og kór-fugerð, boðið verður upp á íslenskt jurtate og gullrotar-kökur.

Í handverkshúsinu eru til sýnis og sölu handunnir mun-ir unnir úr hráefni sem fengið er úr jurtaríkinu, svo sem skartgripir, tréleikföng, leir-munir, þurrskreytingar, kransar, vefnaður, kort og tágakörfur, auk ýmissa óvenjulegra afurða úr ís-lenskum jurtum svo sem jurt-asápur, nuddolíur, leirmask-ar, jurtatre, kryddolíur og fleira.

Allir eru velkomnir.

40 sm hár er þriggja ára gamalt í endann og að meðaltali hefur það verið þvegið 600 sinnum og burstað 2100 sinnum.

Það reynir á!

Þegar hárið slitnar hverfur náttúrulega bindiefnið (ceramide) sem límir hornþekjuna við kjarnann. Hárið hrörnar og missir mýkt, styrk og gljáa.

Á rannsóknastofum L'ORÉAL hefur lengi verið unnið að lausn vandamálsins og nú hefur tekist að þróa nýtt bindiefni sem L'ORÉAL hefur fengið einkarétt á - CÉRAMIDE R* - sem kemur í stað þess sem glatast. CÉRAMIDE R* binst hárinu og gefur því fyrri styrk - glataða æsku - á ný. Nýja hársnyrtílinan frá L'ORÉAL, FORTIFIANCE, er sú eina sem inniheldur CÉRAMIDE R*. Gagnstætt öðrum hársnyrtivörum vinnur FORTIFIANCE ekki utan á hárinu, heldur styrkir það innan frá og vinnur þannig á móti hrörnun þess. Hárið verður sterkt, mjúkt og gljáandi á ný.



L'ORÉAL

FORTIFIANCE

SIJAMPÓ OG NÆRINGAR

MÉD CÉRAMIDE R*
SÝNILEGUR ÁRANGUR Á 3 VIKUM
SLITIÐ HÁR VERÐUR SEM NÝTT!



KÓR Átthagafélags Strandamanna.

Innlend og erlend lög

VORTÓNLEIKAR Kórs Átthaga-félags Strandamanna verða sunnudaginn 14. maí í Seljakirkju og hefjast þeir kl. 17.

Á efnisskránni eru innlend og erlend lög. Einig leikur Malcolm Holloway á trompet.

Kór Átthagafélags Stranda-manna hefur starfað nær óslitið síðan 1958 og eru kórfélagar nú 36.

Í desember gaf kórinn út geisla-plötu með úrvali af því efni sem kórinn hefur flutt á síðustu árum. Annast kórfélagar sjálfir dreifingu hennar.

Stjórnandi Kórs Átthagafélags Strandamanna er Erla Þórólfs-dóttir og píanóleikari er Laufey Kristinsdóttir.